

## Rannsóknarstofa Ríkisins

er stofnsett árið 1906. Er á Hverfisg. 44 B. Forstöðumaður Trausti Ólafsson efnafræðingur. Sími 297.

### Rauði Kross Íslands,

sem er deild úr alþjóðafjelaginu Rauði Krossinn, var stofnaður hjer 10. des. 1924. Tilgangur isl. deildarinnar er m. a. sá, að koma hjúkrun sjúkra, þar sem þess er þörf, í betra horf en verið hefir og veita almenna fræðslu í þeim efnum, og í því skyni gengist fyrir að haldin væru námskeið. Hefir hjúkrunarkonur í þjónustu sinni. — Tala meðlima er um 1400. — Iðgjöld fjelagsmanna eru: Lægst kr. 5.00 árstíllag, æfitíllag kr. 100. — Framkvæmdastjórn skipa: Gunnl. Claessen lækni (form.), Guðm. Thoroddsen próf. (varaform.), Björn Ólafsson kaupm. (ritari), L. Kaaber bankastj. (gjaldk.), Magnús Kjaran kaupm., Þorst. Sch. Thorsteinsson lyfsali.

### Ríkisfjehirðir

er Jón Halldórsson (síðan 1917). Skrifstofa í Landsbankahúsinu, sími 216. Opín frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h. og kl. 4—5 e. h.

### Ræðismenn erlendra ríkja,

sem búsetu hafa í Reykjavík: **Argentína:** Hjalti Björnsson stórkaupm., Hverfisg. 56; **Austurríki:** Þorst. Sch. Thorsteinsson lyfsali, Thorv. 6; **Belgía:** Carl Olsen stórkaupm., Austurhlíð; **Brasilía:** Pjetur A. Ólafsson, Valhöll, Suðurg.; **Bretland:** Ásgeir Sigurðsson kaupm., Suðurg.; **Finnland:** Ludvig Andersen stórkaupm., Austurstr.; **Frakkland:** Maurice Fiez-Vandal, Skálh.st. 6; **Holland:** Arent Claessen stórkaupm.; **Ítalía:** Chr. Zimsen afgrm., Tryggvag.; **Mexicó:** Ólafur Proppé kaupm., Austurstr. 14; **Noregur:** Henry Bay, Hverfisg. 45; **Portúgal:** Axel V. Tulinius forstj., Laufásv. 22; **Spánn:** Ól. Th. Johnson stórkaupm., Hafnarstr. 1; **Svíþjóð:** John Fenger stórkaupm., Templaras. 4; **Þýskaland:** Dr. Schellhorn.

### Ræktunarsjóður

tók til starfa 1. okt. 1925. — Tilgangur sjóðsins er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum. — Stofnfje um 2½ milj. kr. — Lánar gegn fasteignaveði og ábyrgð hrepps eða sýslu, en einungis til jarða- eða húsabóta á sveitabýlum. — Stjórn skipa: Pjetur Magnússon löfgr. (framkv.stj.), Þórður Sveinsson lækni, Metúsalem Stefánsson búnaðarmálastjóri. Afgreiðslu annast Landsbankinn. — Framkv.stjóri til viðtals kl. 11—12 f. h. og kl. 2—3 e. h., s. 1422.

### Röntgensstofan

var sett á fót árið 1914. Forstöðumaður er Gunnl. Claessen dr. með. (síðan 1914). Hefir húsnæði í Austurstr. 16.

### Sálarrannsóknarfjelag

er stofnað 1918, með þeim tilgangi: 1. Að efla áhuga þjóðarinnar á andlegum málum yfirleitt, og sjerstaklega að fræða fjelagsmenn og aðra um árangurinn af sálarrannsóknum nútímans, einkum að því leyti, sem